

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 14/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/457/EB frá 21. júní 2007 um breytingu á ákvörðunum 2001/689/EB, 2002/739/EB, 2002/740/EB, 2002/741/EB og 2002/747/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir tilteknar vörur ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/506/EB frá 21. júní 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir sápu, hárfvottalög og hárnæringu ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/689/EB) og lið 2o (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/747/EB):
„– **32007 D 0457**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/457/EB frá 21. júní 2007 (Stjtið. ESB L 173, 3.7.2007, bls. 29).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 2v (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/739/EB), lið 2w (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/740/EB) og lið 2x (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/741/EB):
„, eins og henni var breytt með:
– **32007 D 0457**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/457/EB frá 21. júní 2007 (Stjtið. ESB L 173, 3.7.2007, bls. 29).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2x (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/741/EB):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 173, 3.7.2007, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 186, 18.7.2007, bls. 36.

„2y. **32007 D 0506**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/506/EB frá 21. júní 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir sápu, hárfvottalög og hárnæringu (Stjtíð. ESB L 186, 18.7.2007, bls. 36).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2007/457/EB og 2007/506/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.